



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til breytinga á búvörulögum – afurðastöðvar. MAR22060127.
Ráðuneyti	Matvælaráðuneytið.
Stig mats	<input type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input checked="" type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	8. nóvember 2022.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**

Verði frumvarpið að lögum kallar það ekki á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Um er að ræða heimild til hagræðingar hjá afurðastöðvum sem varðar hagsmuni bæði neytenda og bænda.

2. **Tekjubreytingar**

– Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs.

3. **Útgjaldabreytingar**

– Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

4. **Eignabreytingar**

– Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á eignir ríkissjóðs.

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Á ekki við.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Á ekki við.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**

Frumvarpið snertir fyrst og fremst bændur, afurðastöðvar og neytendur og verður lögð áhersla á að frumvarpið skapi langtímaávinning fyrir framangreinda aðila.

2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

– Á ekki við.

3. **Samkeppnisskilyrði**

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta) Svar: Þessi heimild getur orðið til þess að flýta fyrir endurnýjun í sláturhúsum og ýtt undir úreldingu síður hagkvæmra framleiðslueininga.
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja) Svar: Þessi heimild getur orðið til þess að flýta fyrir endurnýjun í sláturhúsum og ýtt undir úreldingu síður hagkvæmra framleiðslueininga.
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd. Svar: Til þess að sporna við því að sú undanþága sem frumvarpið felur í sér raski samkeppni og þar með skaði hagsmuni neytenda og bænda þykir nauðsynlegt að hafa heimildina skilyrta og tímabundna. Með vísan til þess eru skilyrði sett fyrir nýtingu heimildarinnar sem ætlað er að tryggja samkeppnislega stöðu m.a. framleiðenda. M.a. er sett skilyrði um bann við skorðum á flutning viðskipta og kveðið á um að framleiðendum verði tryggður réttur til að eiga viðskipti við félagið um afmarkaða þætti. Með þessu er stuðlað að því að tryggja samningsstöðu bænda og fyrirbyggja þær hindranir fyrir minni keppinauta í slátrun og vinnslu sem samþykkt frumvarpsins gæti ella haft. Það er til dæmis ætlað til að auðvelda þeim að vinna og markaðssetja afurðir sínar sjálfir ef þeir kjósa að gera það. Þá er undanþágan afmörkuð við stofnun og starfrækslu félags um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða og því skyld verkefni og ljóst að eftirfylgni við samkeppnislög að öðru leyti gildir fullum fetum.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
- Svar: Til þess að sporna við því að sú undanþága sem frumvarpið felur í sér raski samkeppni og þar með skaði hagsmuni neytenda og bænda þykir nauðsynlegt að hafa heimildina skilyrta og tímabundna. Með vísan til þess eru skilyrði sett fyrir nýtingu heimildarinnar sem ætlað er að tryggja samkeppnislega stöðu framleiðenda. Þá er undanþágan afmörkuð við stofnun og starfrækslu félags um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða og því skyld verkefni og ljóst að eftirfylgni við samkeppnislög að öðru leyti gildir fullum fetum.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
– Á ekki við
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
– Á ekki við
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
– Á ekki við
4. **Áhrif á byggðalög**
Á ekki við
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**
Á ekki við
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
– Meginmarkmið breytingarinnar er að stuðla að hagfelldari starfsskilyrðum greinarinnar. Talið er að áhrif frumvarpsins séu þau sömu á alla hópa, óháð kyni, og að það hafi lítil sem engin áhrif á stöðu kynjanna. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti kynjanna og því ekki talin þörf á að jafnréttismeta það frekar.

7. Áhrif a lýðheilsu

Stefnt er að hagræðingu í innlendri matvælaframleiðslu sem stuðlar að bættri lýðheilsu

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnáslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Engin viðbótarverkefni eru fyrirhuguð vegna frumvarpsins.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki kalla á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þá er talið að frumvarpið hafi ekki áhrif á tekjur eða eignir ríkissjóðs

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Um er að ræða undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga. Til þess að sporna við því að sú undanþága sem frumvarpið felur í sér raski samkeppni og þar með skaði hagsmuni neytenda og bænda þykir nauðsynlegt að hafa heimildina skilyrta og tímabundna. Með vísan til þess eru skilyrði sett fyrir nýtingu heimildarinnar sem ætlað er að tryggja samkeppnislega stöðu framleiðenda. Þá er undanþágan afmörkuð við stofnun og starfrækslu félags um flutning sláturgripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu afurða og því skyld verkefni og ljóst að eftirfylgni við samkeppnislög að öðru leyti gildir fullum fetum. Samkeppniseftirlitið getur því beitt m.a. stjórnvaldssektum vegna samráðs sem ekki fellur undir undanþáguheimild frumvarpsins. Framangreindum skilyrðum er ætlað að vega upp á móti þeim mögulegu neikvæðu áhrifum sem samþykkt frumvarpsins gæti ella haft en áætlað er að ávinningur af samþykkt frumvarpsins sé meiri en hugsanlega neikvæð áhrif þess. Tilgangurinn er að unnt verði að lækka sláturkostnað og með því gæti skapast svigrúm til hagsbóta fyrir bændur, neytendur og afurðastöðvar.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Á ekki við.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Já.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Já.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Á ekki við.

